



### 3. stjórnarfundur HSV starfsárið 2015 - 2016. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 21. október 2015 kl. 16.15

Mætt eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Birna Jónasdóttir, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Elín Marta Eiríksdóttir, Jóhann Króknes Torfason, Sigurður Erlingsson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir starfsmaður HSV sem ritar fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

1. Sambandsþing UMFÍ á síðustu helgi
2. Vinna vegna endurnýjunar samstarfs og verkefnasamnings
3. Launamál starfsmanna HSV
4. Staða undirbúnings landsmóts 50+
5. Væntanleg heimsókn frá ÍSÍ 22.10.15
6. Úthlutun úr afreksjóði á síðasta ári til íþróttamanns í lyfjabanni
7. Skil aðildarfélagu HSV á ársreikningum og starfsskýrslum
8. Felix – skráning félaga og iðkenda
9. Ákveða fastan fundartíma
10. Önnur mál

#### Dagskrá fundar:

1. Sambandsþing UMFÍ á síðustu helgi  
Guðný formaður og Sigga Lára framkvæmdastjóri fóru á Sambandsþing UMFÍ á Vík í Mýrdal á síðustu helgi. Guðný fer yfir það helsta sem þar fór fram.
2. Vinna vegna endurnýjunar samstarfs og verkefnasamnings.  
Samstarfssmaningur og verkefnasmaningur eru báðir lausir nú um áramót. Viðræður eru í gangi um endurnýjun þeirra. Guðný fer yfir stöðuna.
3. Launamál starfsmanna HSV  
Í ráðningarsamningum starfsmanna HSV; Salómear yfirþjálfara og Sigríðar framkvæmdastjóra eru ákvæði um að laun taki hækkunum samkvæmt samningum þeirra stéttarfélagu innan BHM. Endurskoðendurnir óska eftir samþykki stjórnar til að hækka laun samkvæmt ákvörðun kjaradóms um launahækkanir til handa aðildarfélögum BHM. Stjórn samþykkir hækkun og felur framkvæmdastjóra að senda fundargerð til bókhaldara.
4. Staða undirbúnings landsmóts 50+  
Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna. Búið er að manna undirbúningsnefndina og nokkrar helstu stjórnunarstöður.
5. Væntanleg heimsókn frá ÍSÍ 22.10.15  
Guðný fer yfir dagskrá heimsóknar forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ til Vestfjarða á morgun fimmtudag.
6. Úthlutun úr afreksjóði á síðasta ári til íþróttamanns í lyfjabanni.  
Stjórn telur rétt að athuga stöðu afrekssjóðsins með að gera endurgreiðslukröfu á styrk sem úthlutað var til aðildarfélags vegna íþróttamanns sem þá var komin í keppnisbann eftir að hafa fallið á lyfjaprófi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fá ráðleggingar um lög og reglur um þessi mál hjá ÍSÍ.



7. Skil aðildarfélaga HSV á ársreikningum og starfsskýrslum  
Stjórn ákveður að taka hart á að félög skili samþykktum ársreikningum og haldi aðalfundi og skili starfsskýrslum. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir lög og reglugerðir HSV og ÍSÍ og greina hvernig skil félaganna eru.
8. Felix – skráning félaga og iðkenda  
Skráning í Felix er mismunandi milli aðildarfélaga HSV ekki hvað síst skráning þeirra barna sem eru á íþróttaskólaaldri. Samþykkt að skipa 3 manna nefnd sem fer yfir reglur Felix. Tillaga gerð um Inga Björn, Birnu og Salome.  
Samþykkt einróma.
9. Ákveða fastan fundartíma  
Ákveðið að hafa fundi framvegis alltaf fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 16.15.
10. Önnur mál
  - a. Guðný formaður þakkar góðar kveðjur til sín og fjölskyldu við andlát móður sinnar.
  - b. Formannafundur ÍSÍ 27. nóvember. Guðný formaður kemst ekki, Birna varaformaður verður stödd erlendis. Ákveðið að stjórnarmaður fari í stað formanns. Ákvörðun um fulltrúa tekin þegar nær dregur
  - c. Birna leggur til að útbúið væri einfaldara kerfi fyrir upplýsingar um íþróttaviðburði. Áhugamenn gætu þá farið á einn stað til sjá hvað er í gangi. Framkvæmdastjóra falið að tala við Snerpu um breytingar á heimasíðu til að notendur hafa greiðari aðgang að upplýsingum á heimasíðu og vinna málið áfram í samstarfi við Birnu varaformann
  - d. Múlaland - Siggi nefnir umgengni og frágang á íbúðum. Telur þörf á að setja skýrari reglur um skil á íbúðum, þrif og umgengni. Máli visað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 17.45